



T-602-RISK

ÁHÆTTUSTÝRING

6 ECTS

Ár: 3. ár.
Önn: Vorönn.
Stig námskeiðs: 3. Grunnám, sérhæft námskeið.
Tegund námskeiðs: Skyldunámskeið FV.
Nauðsynlegir undanfarar: Stærðfræði I & II (T-101-STA1 og T-201-STA2), Verðbréf (T-303-VERD), Excel.
Aðrir ráðlagðir undanfarar: Forritun í Matlab og/eða Python.
Skipulag: Kennt í 12 vikur - 6 kennslustundir á viku.
Umsjónarkennari: Sverrir Ólafsson.
Kennari: Sigurður Pétur Magnússon.

Lærdómsviðmið: Að námskeiðinu loknu verður nemandinn fær um að skilja hlutverk áhættustýringar hjá fjármálastofnunum. Nemandinn verður fær um að beita aðferðum fjárhagslegrar áhættustýringar á fjölda praktískra vandamála eins og þau blasa við fjármálastofnunum. Þetta meginmarkmið má brjóta niður í eftirfarandi undirviðmið:

- Kunna skil á helstu reglum og viðmiðum sem sett eru á fjármálastofnanir, svo sem eiginfjárkröfum og lausafjárviðmiðum
- Þekkja helstu áhættur, þ.e. útlánaáhættu, markaðsáhættu og rekstraráhættu
- Kunna að magnsetja þessar áhættur, greina og stýra
- Vita hvernig á að meta áhættu við mismunandi aðstæður
- Geta beitt áhættuvirðisáðferðinni (value at risk) á mismunandi atburðarásir innan fyrirtækja og markaða
- Kunna að meta áhættuframlag einstakra eigna til heildaráhættu eignasafna
- Skilja muninn á kerfisbundinni og ókerfisbundinni áhættu
- Kunna að meta áhættufjármagn
- Geta beitt mismunandi varnaraðferðum til að verjast mismunandi tegundum áhættu
- Kunna skil á þeim kostnaði og hagnaði sem fylgja áhættustýringu almennt
- Skilja hlutverk áhættustýringar við stýringu eigna með tilliti til skuldbindinga

Lýsing: Námskeiðið hefst á því að innleiða grundvallar hugtök fyrir áhættumat og áhættustýringu. Rætt verður hvernig áhætta myndast hjá fyrst og fremst fjármálastofnunum og farið verður yfir hefðbundnar aðferðir til að greina og stýra áhættunni, annað hvort með virkum vörnum eða fjölbreytni. Flokkun áhættu verður útskýrð og helstu flokkarnir, s.s. verðbréfa -, vaxta - og útlánaáhætta verða ræddir og aðferðirnar til að stýra hverjum áhættuflokki ræddar. Farið verður Value-at-Risk (Var) álagspróf fyrir markaðsáhættu. Mismunandi aðferðir verða kenndar til að áhættuflokka eignir banka en eiginfjárlutföll banka ráðast af áhættuflokkun eigna.

Lesefni: Aðallega í fyrirlestra formi.
Kennsluaðferðir: Fyrirlestrar, heimadæmi og verkefni.
Námsmat: Heimadæmi, Miðsvestrarpróf, Lokapróf.
Tungumál: Enska.

Birt með fyrirvara um breytingar.

Uppfærðar upplýsingar um námsmat og kennsluaðferðir eru birtar í kennslukerfinu Canvas í upphafi hvorrar annar.